

Fundargerð stjórnar

72. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn föstudaginn 5. maí, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

Mættir: Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.

Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.00

1. Trúnaðarmál
Fært í trúnaðarbók
2. Húsnæðismál slökkviliðs (Björgunarmiðstöðin)
Fyrir fundinum lá fundargerð nr. 6 frá starfshópi slökkviliðsins varðandi húsnæði Björgunarmiðstöðvar. Þar kemur fram að slökkviliðið telur að a.m.k. 800m² húsnæði þurfi undir framtíðarstarfsemi liðsins á Selfossi. 550-600 m² tækjasal og síðan stjórnunarrými. Í munnlegu samkomulagi við Björgunarfélagið og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna sjúkraflutninga var gert ráð fyrir að undirrita sameiginlega viljayfirlýsingu varðandi hönnun hússins, innra skipulag, leiguverð og rekstur hússins til framtíðar. Nú hefur það gerst að Björgunarfélagið og HSu hafa gengið frá yfirlýsingu án aðkomu B.Á. Stjórn B.Á. samþykkir að ganga til samninga við Björgunarfélagið um leigu á allt að 800 m² af húsi Björgunarfélagsins á leiguverði sem er 800 kr. pr. m² með virðisaukaskatti í fullfrágengnu húsnæði. Samþykktin er bundin því skilyrði að húsnæðið uppfylli kröfur B.Á. og samkomulag náist um rekstur hússins og afnot af sameiginlegu rými.
3. Tækjamál slökkviliðs
Umræður urðu um hugsanleg kaup á slökkvibílum í slökkvistöð á Selfossi og í Árnas. Lánsbíl frá slökkviliði höfuðborgarsvæðis má vera lengur hjá B.Á. eða allt fram á mitt komandi sumar. Fyrir liggur tilboð í nýjan bíl frá Ólafi Gíslasyni & Co sömu gerðar eins og áður hefur verið keypt á útstöðvar B.Á. Samþykkt er að festa kaup á bifreið samkvæmt áður nefndu tilboði þegar fjármögnun liggur fyrir.

4. Önnur mál

- a. **Nýr varðstjóri í Árnosi.**
Slökkviliðsstjóri greindi frá því að Einar Guðnason, slökkviliðsmaður í Skeiða og Gnúpverjahreppi hefði tekið að sér varðstjórstöðu fyrir slökkvilið BÁ í Árnosi.
Stjórnin fagnar þessum ráðahag og býður Einar velkominn til starfa.
- b. **Samningur við Landsvirkjun.**
Slökkviliðsstjóri sagði frá samskiptum sínum við forráðamenn Landsvirkjunar varðandi samning um eldvarnareftirlit í virkjunum. Málin eru í eðlilegum farvegi og ganga vel.
- c. **Undirskriftalisti lagður fram.**
Undirskriftalisti frá slökkviliðsmönnum í Laugardal og Biskupstungum lagður formlega fram. Um er að ræða lista sem sendur var í tengslum við ráðningu varaslökkviliðsstjóra og kom fram á meðan málið var í ferli. Þar er skorað á ráðamenn BÁ að ráða uppsveitarmann til starfans.
Einnig lág fyrir fundinum svarbréf slökkviliðsstjóra til slökkviliðsmanna.
- d. **Heimsókn frá Þýskalandi**
Sagt var frá fyrirhugaðri heimsókn slökkviliðsmanns frá Prüm í Þýskalandi til Íslands í júní n.k. Um er að ræða fimm manna fjölskyldu.
Slökkviliðsmenn munu taka á móti þeim og greiða götu þeirra. Fram kom að hluti slökkviliðsmanna frá Prüm og makar þeirra hyggjast heimsækja Suðurland á næsta ári.
- e. Slökkviliðsstjóri greindi frá því að vinna væri í gangi út frá hugmyndum sem fram komu í eftirvinnu oddvita Grímsnes og Grafningshrepps og hans í tengslum við sinuelda á Vesturlandi. Uppi eru hugmyndir um samráðsvinnu með Brunamálastofnun, Umhverfissráðuneyti, Landbúnaðarráðuneyti, Skógrækt ríkisins, Félagi slökkviliðsstjóra Slysavarnafélagið Landsbjörg og Sjóvá, þar sem lærdómur verður dregin af þessu óhappi og unnið að frekari fyrirbyggjandi úrlausnum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.50

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson Snæbjörn Sigurðsson

Kristján Einarsson